

Málkostnaður að því er varðar stefnda ríkissjóð vegna embættis flugmálastjóra fellur niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi ríkissjóður vegna embættis flugmálastjóra á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður að því er hann varðar fellur niður.

Stefndi Vélækni h/f greiði stefnanda, Birni Stefánssyni f. h. ófjárráða sonar síns, Þóris Björnssonar, kr. 1.050.000 með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 232.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. október 1979.

Nr. 4/1977. **Katrín Guðmundsdóttir**
(Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Jóni Sigurðssyni
Magnúsi Kristinssyni
Vilhjálmí Árnasyni og
Guðrúnu Sigurðardóttur
(Haukur Jónsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ömerking ummæla. Sýknað af refsikröfu og kröfu um miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 6. janúar 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. desember 1976. Eru dómkröfur hennar þessar:

„1. Að stefndu verði dæmdir til refsingar eftir 234., 235. eða 236. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Að hin umstefndu ummæli verði dæmd dauð og ómerk eftir 1. mgr. 241. gr. l. 19/1940.

3. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms skv. 2. mgr. 241. gr. l. 19/1940 eftir mati réttarins.

4. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda miskabætur skv. 264. gr. l. 19/1940, að fjárhæð kr. 250.000.00.

5. Að stefndu verði in solidum gert að greiða áfrýjanda málskostnað, eftir mati dómsins, fyrir héraðsdómi og Hæstarétti“.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmd til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Páll Kolbeins lést 7. ágúst 1979. Af hálfu áfrýjanda er fallið frá öllum kröfum á hendur dánarbúi hans, og engar kröfur eru hafðar uppi af þess hálfu.

Viðurkennt er af hálfu stefndu, að höfundar greinar þeirrar, sem birt var í dagblaðinu Vísi hinn 31. október 1973, undirrituð: „Stjórn Skálatúnsheimilisins“, séu þeir, sem þá skipuðu stjórn Skálatúnsheimilisins, en það voru stefndu í máli þessu í héraði. Ekki var nafn hvers einstaks stjórnarmanns undir greininni. Skálatúnsheimilið er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn samkvæmt skipulagsskrá nr. 211/1960. Telja verður fullnægt skilyrðum 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt með þeirri auðkenningu, sem var undir grein þessari. Er málssókninni því réttilega beint að stefndu.

Eins og rakið er í héraðsdómi, var blaðagrein Öldu Sveinsdóttur, er birtist í Vísi 31. október 1973, tilefni greinar þeirrar, sem hin átöldu ummæli eru í. Ekki verður þó á það fallist, að grein Öldu réttlæti ummæli stefndu samkvæmt

239. gr. almennra hegningarlaga, þar sem áfrýjandi ritaði grein þessa ekki sjálf, þótt henni væri kunnugt um efni hennar og samþykkti fyrir sitt leyti, að hún yrði birt. Af gögnum máls verður hins vegar ráðið, að áfrýjandi hafði ekki þau samráð við stjórn Skálatúnsheimilisins í starfi sínu, sem telja verður, að henni hafi borið að gera. Hún réð starfsfólk að heimilinu, án þess að samþykki stjórnarinnar lægi fyrir, og ráðstafaði fé, sem hún tók við fyrir hönd heimilisins, að einhverju leyti í andstöðu við vilja stjórnarmanna. Er fram komið, að fundið var að þessu við hana af hálfu stjórnarinnar. Í grein stjórnarinnar segir hins vegar berum orðum, að grunur um fjárdrátt hafi engum komið í hug. Verður að hafa þessi atriði í huga, þegar metið er, hvort hin átöldu ummæli varði viðurlögum. Verða þau nú rakin lið fyrir lið.

1. „En stjórnunarhæfileika sýndi hún því miður ekki. Það var vegna stjórnleysis á heimilinu bæði varðandi mannhald og innkaup og einnig óreiðu í fjármálum, að frk. Katrín var sagt upp“. Ummæli þessi þykja móðgandi og til þess fallin að meiða æru áfrýjanda. Ber samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga að ómerkja þau, en ekki þykir ástæða til að refsa fyrir þau, eins og hér stendur á.

2. „Fjárhagur heimilisins, sem um langt árabil áður hafði alltaf verið góður, var nú að komast í algert öngþveiti“. Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, eins og þau eru sett fram, og ber að ómerkja þau samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga, en ekki þykja þau varða refsingu.

3. „ . . . að taka fyrir óafsakanlega óráðsíu, eins og þá, sem því miður var farin að eiga sér stað á Skálatúnsheimilinu“. Ummæli þessi þykja ótillhlýðileg og móðgandi fyrir áfrýjanda. Ber því að ómerkja þau samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga, en ekki þykir ástæða til að refsa fyrir þau.

4. „ . . . að Katrín hefði ekki valdið forstöðukonustarfinu“. Orð þessi þykja ekki fara út fyrir takmörk leyfilegrar gagnrýni og varða því hvorki refsingu né ómerkingu.

Þar sem stefndu hafa samkvæmt framansögðu ekki gerst

sek um ærumeiðandi aðdróttun í garð áfrýjanda, verður krafa hennar um miskabætur ekki tekin til greina né heldur krafa um greiðslu til að kosta birtingu dómsins.

Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjanda óskipt í málskostnað fyrir báðum dómum fjárhæð, sem þykir hæfilega ákveðin 300.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Framangreind ummæli skulu ómerk.

Stefndu, Jón Sigurðsson, Magnús Kristinsson, Vilhjálmur Árnason og Guðrún Sigurðardóttir, greiði áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 300.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. mars 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 11. þ. m., hefur Katrín Guðmundsdóttir, Vorsabæjarhjáleigu, Gaulverjabæjarhreppi, Ánessýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 26. apríl 1974, á hendur Jóni Sigurðssyni, Háuhlíð 18, Páli Kolbeins, Túngötu 31, Magnúsi Kristinssyni, Ægisíðu 96, Vilhjálmi Árnasyni, Njörvasundi 2, og Guðrúnu Sigurðardóttur, Hofsvallagötu 20, öllum í Reykjavík, vegna meintra ærumeiðandi ummæla, er birtust í dagblaðinu Vísi hinn 31. október 1973 undir fyrir sögninni „Barnagæzka og fjármálaöngþveiti“, en undir fyrir sögninni stendur „svar stjórnar Skálatúnsheimilisins“ og undir greininni „Stjórn Skálatúnsheimilisins“, en stefndu skipuðu stjórn Skálatúnsheimilisins, er umrædd grein birtist.

Helstu málavextir eru þessir:

Hinn 7. júlí 1971 var stefnandi, Katrín Guðmundsdóttir, ráðin sem forstöðukona að Skálatúnsheimilinu í Mosfellssveit, sem er vistheimili fyrir vangefin börn. Var hún eini umsækjandinn um starfið. Hún hafði þá starfað við heimilið undanfarin 3 ár sem þroskaþjálfari og m. a. leyst þáverandi forstöðukonu, Grétu Bachmann, af, er hún var fjarverandi. Þegar stefnandi var ráðin til forstöðukonustarfa, var hvorki gerður við hana skriflegur ráðningarsamningur né var henni sett erindisbréf. Hins vegar

gaf stjórn heimilisins henni þau fyrirmæli, að hún skyldi reka vistheimilið áfram á sama hátt og fyrrverandi forstöðukona hafði gert. Enn fremur er því haldið fram af hálfu stefndu, að við ráðningu stefnanda hafi verið tekið fram við hana, að hún skyldi ráða starfsfólk að vistheimilinu, en ekki fjölga því án samþykkis stjórnarinnar.

Í skýrslu, sem lögð hefur verið fram og staðfest af hálfu stefndu, er tekið fram, að stefnandi hafi ekki lengi verið búin að gegna starfi forstöðukonu, þegar tekið hafi að bera á því, að hana skorti stjórnunarhæfileika. Þetta hafi orðið enn meira áberandi og tilfinnanlegra fyrir þá sök, að hún hafi ekki viljað vinna með stjórn heimilisins, en farið sínu fram og gert ýmislegt öfugt við fyrirmæli stjórnarinnar og framkvæmt annað, stundum veigamikla hluti, í blóra við stjórnina. Til marks um þetta stjórnleysi benda stefndu á, að stefnandi hafi fljótt aukið starfsmannafjölda við Skálatúnsheimilið og enn fremur yfirvinnu þar í algeru og margítrekuðu banni stjórnarinnar. Launagreiðslur hafi að meðaltali verið 63% af heildartekjum heimilisins og mestar hafi þær orðið 67% í tíð fyrirrennara stefnanda, en í tíð stefnanda hafi þær að meðaltali numið 81% og hjá henni hafi launagreiðslur komist upp í 111% af heildartekjum. Eðlileg hlutfallstala á stofnun sem þessari eigi að vera 60—70%. Er á það bent af hálfu stefndu, að á þessu tímabili hafi fjöldi vistmanna verið óbreyttur eða svo svipaður, að ekki geti réttlætt aukningu á starfsliði.

Þessi aukning á starfsliði og yfirvinnustundum við Skálatúnsheimilið hafi haft í för með sér gífurlega fjárhagslega erfiðleika fyrir stofnunina. Skálatúnsheimilið hafi áður verið rekið á hagkvæman hátt, með góðum árangri um áraraðir, en á árinu 1971 fari að síga á ógæfuhliðina. Það ár hafi rekstrarhalli orðið kr. 2.088.783.76, árið 1972 hafi hann orðið kr. 3.109.588.56 og árið 1973 kr. 3.324.734.00.

Snemma á árinu 1972 hafi gjaldkeri heimilisins bent stefnanda á þessa óheillavænlegu þróun í starfsmannahaldi og á miðju því ári hafi stjórn Skálatúnsheimilisins rætt við stefnanda um þetta efni og lagt fyrir hana að halda fjölda starfsliðs innan eðlilegs ramma. Síðar hafi einstakir stjórnarmenn og stjórnin í heild margoft átt alvarlegar viðræður við forstöðukonuna um málin, en allt hafi komið fyrir ekki. Hafi hún ekki tekið varnaðarorð né fyrirmæli stjórnar heimilisins til greina, heldur stöðugt klifað á, að ekki ætti að draga úr kostnaði, heldur krefjast hækk-

aðra daggjalda af ríkinu. Þá leið hafi stjórnin hvorki talið færa, réttlætana né heimilinu sæmandi, meðan daglegri stjórn á því væri jafnáfátt og raun hafi verið. Snemma sumars 1973 hafi endurskoðandi Skálatúnsheimilisins beint því til stjórnar þess, að koma yrði á einhverri hagræðingu viðvíkjandi starfsmannahaldi þess, þar sem launagreiðslur væru allt of háar. Eftir viðtal stefnanda við endurskoðandann, sem fram hafi farið að hennar eigin ósk, hafi endurskoðandinn sagt: „Hún skilur ekki rekstur heimilisins og vill ekki skilja hann“, og með því hafi hann einnig túlkað skoðun stjórnarinnar.

Þá er einnig á það bent af hálfu stjórnarinnar, að launagreiðslur hafi verið mjög misjafnlega miklar til starfsstúlkna og hjá einstaka stúlkum óeðlilega háar. Þetta hafi boðið heim tortryggni, öfund og grun um mismunun, enda hafi sú orðið reyndin. Þá heldur stjórnin því fram, að óþarfa óánægja meðal starfsfólks hafi verið látin afskiptalaus og því hafi agaleysi myndast. Forstöðukonan hafi lítið fengist við stjórnun á starfsfólki og ekki leiðbeint því sem skyldi. Það hafi því oft leitt til ráðleysis hjá starfsfólkinu og þrífnaði hafi ört hnignað. Þá halda stjórnarmenn því enn fremur fram, að gætt hafi óráðsú hjá stefnanda. Hún hafi alla tíð sýnt fyrirhyggjuleysi varðandi fjárhag Skálatúnsheimilisins og hirðuleysi í meðferð fjár þess. Hún hafi haldið hjá sér um styttri eða lengri tíma óbókskráðum, stórum peningaupphæðum frá Tryggingastofnun ríkisins, menntamálaráðuneytinu, tekjum af handavinnusýningum og 17. júní hátíð. Þetta fé hafi hún ekki ætíð látið ganga til réttra aðilja, þótt ekki verði hún sökuð um að hafa tileinkað sér það sjálfri.

Vorið 1973 hafi verið svo komið, að tveir stjórnarmenn hafi kvatt stefnanda til þess að segja upp forstöðukonustarfi sínu. Á stjórnarfundi 4. júní 1973 hafi formaður skv. einhuga ákvörðun stjórnarinnar gefið stefnanda kost á að segja starfi sínu lausu og hafi hann eindregið hvatt hana til þess, þar eð ella mundi henni verða vikið úr starfi. Hafi formaðurinn ráðlagt henni að hugsa málið til næsta stjórnarfundar, mánuði síðar, hinn 4. júlí s. á. Þegar sá fundur var haldinn, hafi stefnandi ákveðið hafnað að þiggja boð stjórnarinnar um að segja starfi sínu lausu. Hafi henni þá verið sagt upp starfi með þriggja og hálfis mánaðar fyrirvara. Uppsagnarbréfið til stefnanda er dags. 4. júlí 1973 og undirritað af stjórnarformanninum, stefnda Jóni Sigurðssyni. Í því segir m. a. svo:

„Mér þykir leitt að þurfa að tilkynna þér, að á fundi stjórnar

Skálatúnsheimilisins, sem haldinn var í gær, var einróma samþykkt að segja þér upp starfi frá 15. október n.k. að telja. Ástæður fyrir uppsögninni eru þér vel kunnar af viðræðum stjórnarinnar við þig undanfarna mánuði“.

Kona er nefnd Alda og er Sveinsdóttir. Hafði hún starfað sem þroskaþjálfari við Skálatúnsheimilið í tíð stefnanda. Hún ritaði grein um Skálatúnsheimilið og óskaði eftir því í októbermánuði 1973, að grein þessi yrði birt í dagblaðinu Vísi. Greinin birtist hinn 31. október 1973 undir aðalfyrirsögninni „Eiga vistheimili vangefinna að vera geymslustofnanir?“ Undirfyrirsögn er „Forstöðukonu Skálatúnsheimilisins sagt upp. 30 manns hætta í einu. Hvers vegna?“ Grein þessi hljóðar svo:

„Skálatún er vistheimili fyrir vangefin börn, þyrping hvítar bygginga, sem standa í Mosfellssveit milli Blikastaða og Hulduhóla.

Þarna eru um 58 vistmenn, bæði drengir og stúlkur, á fávita-stigi, sum þeirra auk þess blind, lömuð og geðveik.

Forstöðukona Skálatúnsheimilisins sl. 2 ár hefur verið Katrín Guðmundsdóttir, og hafði hún áður unnið þar í 3 ár sem aðstoðarforstöðukona. Hefur hún mjög lagt sig fram um það að bæta aðbúnað hinna vanheilu, einkum hvað snertir alla kennslu og þjálfun. Á stjórnartíma hennar hefur vikuleg kennsluaukning verið 70 stundir á viku og fjölgun kennara 2 í fullu starfi og einn í hálfu starfi. Auk þess kom hún á leikþjálfunarhópum fyrir þá vistmenn, sem yngstir eru, eða standa lágt að þroska. Þannig er stefnt að því, að vistmenn fái þjálfun við sitt hæfi, eftir því sem mögulegt er.

Í þessum leikhópum er forskólaþjálfun, og reynt er að láta börnin komast í snertingu við sem fjölbreyttust efni. Einnig er verið í útileikjum, gönguferðum og sundi. Farið er í bæinn, ef hægt er að koma því við. Með þessu er stefnt að því að þroska sem mest hæfileika, sem kunna að búa í einstaklingunum og gera þá hæfa til að umgangast aðra. Lögð er áherzla á að ná sem beztu persónulegu sambandi við einstaklinginn, og eru að jafnaði sömu stúlkur með sömu börn, og hefur hver leikhópur sínar föstu vistarverur. Tvær stúlkur eru með hvern hóp, en 8 vistmenn eru að jafnaði í hóp.

Persónuleg umönnun.

Höfuðkostir þessarar nýju skipunar eru hin persónulega umönnun og sú öryggistilfinning, sem börnin öðlast við að hafa

jafnan sama fólkið til að annast sig. Það myndar gagnkvæmt traust, en einmitt á því byggist, að einstaklingurinn nái fram því bezta sem í honum býr, og með þjálfun er þá hægt að ná fram þeim þroska, sem mögulegt er að ná. Allir vita, hverju eðlileg börn geta tekið upp á, er þau eru öryggislaus og vansæl, og getur hver maður séð í hendi sér, að enn ríkari ástæða er til að leggja áherzlu á umönnun og þjálfun hinna vanheilu.

Nú er það svo, að Skálatúnsheimilið er sjálfseignarstofnun, og er stjórn þess skipuð 5 mönnum, 2 frá templurum, 2 frá Styrktarfélagi vangefinna, en Jón Sigurðsson borgarlæknir er oddamaður. Það fé, sem stendur undir rekstri heimilisins, eru daggjöld vistfólksins, og greiðir Tryggingastofnun ríkisins þau.

Fyrirvaralaus uppsögn.

Þann 4. júlí segir Skálatúnsstjórn forstöðukonunni upp starfi allt að því fyrirvaralaust, og skipar henni að segja upp 3—4 stúlkum og ráða ekkert nýtt starfsfólk. Ekki gefur stjórnin upp neinar ástæður, en við frekari eftirgrennslan virðist vera, að hin aukna leikþjálfun sé stjórninni mikill þyrnir í augum og hún telur að halli sé á rekstri heimilisins af hennar völdum. Ekki vill þó heimilisstjórnin óska eftir auknum fjárstyrk eða hækkuðum daggjöldum, svo að þessi þjálfun geti haldið áfram. Starfsfólk Skálatúns mótmælti þessari ráðstöfun Skálatúnsstjórnar með bréfi dags. 12. júlí 1973 og bað Skálatúnsstjórn að endurskoða afstöðu sína og vísaði m. a. í 2. gr. laga Styrktarfélags vangefinna, þar sem segir m. a.: „Að vangefni fólki, veitist ákjósanleg skilyrði til þess að ná þeim þroska, sem hæfileikar þess leyfa og að starfsorka vangefins fólks verði hagnýtt.“ Var þetta bréf undirritað af 38 starfsstúlkum heimilisins, þar með taldir kennarar, þroskaþjálfarar og nemar. Þessu bréfi var aldrei svarað.

Þroskaþjálfar mótmæla.

Félag þroskaþjálfra mótmælti eindregið þessari ráðstöfun í bréfi og minnti á, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem stjórn Skálatúns veitist ómaklega að forstöðukonu, og var þá átt við fyrrverandi forstöðukonu, fr. Grétu Bachmann. Þessu bréfi var heldur ekki svarað.

Nú mótmælir Starfsmannafélag ríkisstofnana uppsögninni sem algjörlega ólöglegri og biður um nánari skýringar á henni. Heilbrigðisráðuneytið ásamt fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu kallaði stjórn Skálatúns ásamt forstöðukonu og aðstoðarforstöðu-

konu á fund til að reyna að leysa málið, en ekki örlaði á samstarfsvilja hjá stjórn Skálatúns.

Hvað segja foreldrarnir?

Foreldrar barnanna höfðu af þessu miklar áhyggjur og fylgdu vel með gangi mála og væntu þess, að ráðuneytin myndu geta leyst þennan vanda, en sjálfseignarstofnanir virðast hafa allt að ótakmörkuð völd til að ráðskast með það opinbera fé, sem þær fá með vistmönnum, og gefið hefur verið í skyn við foreldra, að ef þeir hafi einhverjar athugasemdir fram að færa, geti þeir bara tekið sín börn af stofnuninni, það sé nóg eftirspurn eftir plássum fyrir vangefna.

Í ágúst kölluðu foreldrar saman fund, þar sem einn stjórnarmanna Skálatúns reyndi að afsaka gerðir stjórnarinnar, en lenti í vorkunnarlegri varnaraðstöðu. Var mjög mikil samstaða hjá foreldrum að reyna að fá stjórnina til að taka uppsögnina til baka og að starfslíði yrði ekki fækkað, svo að leikþjálfunin legðist niður. Því miður hefur stjórn Skálatúns daufheyrt við öllu þessu og virðist helzt, að annarlegar ástæður valdi gerðum hennar. Allavega hefur Skálatúnstj. daufheyrt við ákveðnum tilmælum ráðuneytanna um að leggja fram glöggt bókhald og rökstudda grein fyrir gerðum sínum.

Réttur hins vangefna.

Nú vakna spurningar:

Hver er lagalegur réttur hins vangefna?

Getur slík stofnun sent vistmenn af stofnuninni, ef foreldrar eða aðstandendur leyfa sér að opna munninn?

Hvers vegna afhendir Tryggingastofnun ríkisins slíkri stjórn jafnmikla fjármuni til ráðstöfunar (1.479.000.00 á mán)? Er ekki full ástæða til þess að ríkið taki við rekstri þessarar stofnunar?

Allavega hefur starfsfólk heimilisins ekki viljað una þessum ráðstöfunum, og hafa 30 manns hætt störfum núna fyrir 30. sept. 1973. Og nú er það spurningin. Hver er vilji eða máttur hins opinbera, þegar málum er svo háttað sem hér greinir. Og hver er framtíð hins vangefna í þessu landi, þar sem slíkir hlutir eru látnir viðgangast?“

Áður en grein þessi var birt í blaðinu, hafði fréttastjóri Vísis, Jón Birgir Pétursson, gefið stefndu kost á að lesa grein þessa og tækifæri til andsvara, um leið og grein Öldu Sveinsdóttur

yrði birt. Stjórnin vildi að óreyndu ekki trúa því, að það væri vilji stefnanda, að greinin yrði birt, því að það mundi í fyrsta lagi skaða heimilið og einnig stefnanda sjálfa, því að ef greinin yrði birt með vitund og vilja stefnanda, Katrínar Guðmundsdóttur, mundi stjórnin ekki komast hjá því að skýra opinberlega frá ástæðum fyrir uppsögn hennar. Hafði fréttastjóri Vísis því heitið stjórninni að gera stefnanda þetta vel ljóst og hafi hann gefið henni einn dag til umhugsunar. Stefnandi hafi samt sem áður samþykkt, að grein Öldu Sveinsdóttur yrði birt, svo sem gert var framangreindan dag. Sama dag birtist í dagblaðinu Vísi svar stjórnar Skálatúnsheimilisins undir fyrirsögninni: „Barnagæzka og fjármálaöngþveiti“.

Grein stjórnarinnar hljóðar svo:

„30. október 1973.

Í grein Öldu Sveinsdóttur er getið um bréf, sem látið var ósvarað af hálfu stjórnar Skálatúnsheimilisins. Ástæðan var sú, að bréfin gáfu ekki tilefni til andsvara eða voru of rætnislega orðuð til þess. Svipaðs tóns gætir í grein Öldu, en rétt þykir að svara henni málefnalega, án þess að elta ólar við ýmsar rangfærslur, sem í greininni eru og minna máli skipta, þ. á m. um þá fullyrðingu, að ráðuneyti hafi ekki fengið umbeðin gögn, engin slík beiðni hefur komið.

Stjórn Skálatúnsheimilisins hafði haldið, að heimilinu, vistmönnum þar og fyrrverandi forstöðukonu, frk. Katrínu Guðmundsdóttur, væri svo bezt gert, að þeim yrði hlíft við opinberum umræðum um þetta mál. Stjórnin tekur það skýrt fram, að hún ræðir þetta hér eingöngu vegna þess, að frk. Katrín hefur sjálf staðið að því, að umrædd grein er birt. Hún þekkir þó, og hefur lengi gert, svar það, sem greinin og nú væntanlega lesendur blaðsins kalla á.

Hvers vegna var Katrínu Guðmundsdóttur sagt upp forstöðukonustarfi því, sem hún hafði gegnt í tvö ár?

Forstöðukona á heimili vanþroskaðra barna þarf óhjákvæmilega að búa yfir tveim eiginleikum, ef vel á að vera: Kærleik til vistmannanna og stjórnunarhæfileikum. Fyrri atriðinu fullnægði Katrín vel, henni þótti vænt um börnin og var þeim góð. Þetta þakkaði stjórn heimilisins Katrínu í margendurteknum umræðum við hana um síðara atriðið. En stjórnunarhæfileika sýndi hún því miður ekki. Það var vegna stjórnleysis á heimilinu, bæði varðandi mannahald og innkaup og einnig óreiðu í fjármálum, að frk. Katrínu var sagt upp. Grunur um fjárdrátt

hefur þó engum komið í hug. Fjárhagur heimilisins, sem um langt árabil áður hafði alltaf verið góður, var nú að komast í algert öngþveiti. Þegar beðið er um aukna fjárveitingu til vistheimila af almannafé umfram ákveðin daggjöld, er það skylda stjórnna að taka fyrir óafsakanlega óráðsú, eins og þá, sem því miður var farin að eiga sér stað á Skálatúnsheimilinu.

Stjórn þess átti um eins árs skeið margar viðræður við Katrínu Guðmundsdóttur um þetta vandamál, en alveg án árangurs, og var stjórnin á einu máli um, að Katrín hefði ekki valdið forstöðukonustarfinu. Henni var því tvisvar á s.l. sumri, með mánadag millibili, boðið að segja sjálf upp starfi, en hún hafnaði því í bæði skiptin. Hinn 4. júlí var Katrínu Guðmundsdóttur síðan bréflega sagt upp störfum frá 15. október að telja.

Inn í þetta mál hefur verið reynt að flækja öðru óskyldu máli, þroskaþjálfun vistmanna, en um það hafa aldrei staðið deilur eða verið skoðanamunur. Stjórn heimilisins hefur alla tíð gert sér far um að veita vistmönnum þá þroskaþjálfun, sem unnt hefur verið að láta í té á hverjum tíma og þolir það fyllilega samanburð við aðrar hliðstæðar stofnanir hér á landi. Engin stefnubreyting hefur átt sér stað á þessu sviði, en með reglugerð menntamálaráðuneytisins um kennslumál vangefinna frá 1971 batnaði aðstaða til starfsins verulega, því þá fékkst aukning á kennaraliði, og átti Katrín Guðmundsdóttir þar engan hlut að máli. Jafnframt jukust húsakynni til kennslu- og leikþjálfunar. Að gefnu tilefni skal tekið fram, að kennsla og þjálfun verður framvegis engu minni en hún hefur bezt verið hingað til.

Þau 20 ár, sem Skálatúnsheimilið hefur starfað, hefur rík áherzla verið lögð á að láta vistmönnum þar líða sem bezt, og hefur heimilið jafnan þótt vera til fyrirmyndar. Enginn styr hefur heldur staðið um rekstur þess fyrr en í tíð umræddrar forstöðukonu.

Með þökk fyrir birtingu þessa svars.

Stjórn Skálatúnsheimilisins.“

Dómkröfur stefnanda eru þær, að eftirfarandi ummæli, sem stefnandi telur alröng, ærumeiðandi og álitsspillandi, verði dæmd dauð og ómerk eftir 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940:

„En stjórnunarhæfileika sýndi hún því miður ekki. Það var vegna stjórnleysis á heimilinu, bæði varðandi mannahald og innkaup og einnig óreiðu í fjármálum, að frk. Katrínu var sagt

upp“ — „Fjárhagur heimilisins, sem um langt árabíl áður hafði alltaf verið góður, var nú að komast í algert öngþveiti.“ — „ . . . að taka fyrir óafsakanlega óráðsínu, eins og þá, sem því miður var farin að eiga sér stað á Skálatúnsheimilinu.“ — „ . . . , að Katrín hefði ekki valdið forstöðukonustarfinu“.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til refsingar eftir 234., 235. eða 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 eftir mati réttarins.

Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda miskabætur skv. 264. gr. laga nr. 19/1940, að fjárhæð kr. 250.000.00, og að endingu, að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og henni gert að greiða þeim málskostnað eftir mati dómsins.

Þá áskilja stefndu sér rétt til dómsbirtingar á opinberum vettvangi, ef þeir telja ástæðu til.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að hin umstefndu ummæli séu mjög móðgandi og í þeim séu aðdróttanir hafðar í frammi um stjórnleysi, óráðsú og óreiðu í fjármálum, eins og nánar sé tilgreint í framangreindum ummælum og fram komi í greininni sjálfri. Auk þess sé þar að ýmsu leyti farið með rangt mál. Vegna hinna þungu ávirðinga, sem fram komi í greininni, og það jafnt, þótt tekið sé fram í henni, að stefnandi sé ekki grunuð um fjárdrátt, þá telur umboðsmaður hennar nauðsynlegt, að fram fari rannsókn á fjárreiðum Skálatúnsheimilisins vegna þessa máls og að reikningar þess frá þeim tíma, er hún gegndi forstöðukonustarfinu verði lagðir fram í málinu. Áður en til þess hafi komið, að stefnanda yrði sagt upp starfi, hafi verið fundið að því við hana, að rekstrarkostnaður væri of hár, og henni m. a. gert að segja upp starfsfólki í sparnaðarskyni. Hins vegar hafi hækkun, sem gerð var á daggjöldum heimilisins, verið haldið leyndri fyrir henni og hún ekki fengið aðgang að reikningum heimilisins. Sé því vandséð, með hvaða hætti hún hafi getað fengið viðhlítandi yfirsýn yfir reksturinn við þessar kringumstæður. Stefnandi kveðst hafa lagt sig fram um að reka vistheimilið með þeim hætti, að það mætti sem best þjóna hlutverki sínu, og með það markmið starfseminnar að leiðarljósi hafi hún náð umtalsverðum árangri í starfinu. Stefnandi

mótmælir því harðlega, að nokkrum fjármunum hafi verið varið í óparfa, og telur, að hafi daggjöld heimilisins ekki nægt fyrir rekstrarkostnaði þess, þá hafi það stafað af því, að skort hafi skilning á fjárbörf og hlutverki stofnunarinnar, en ekki af óstjórn eða óráðsú í fjármálum. Þess megi og geta, að halli hafi t. d. orðið á Kópavogshælinu á fyrri hluta árs 1973. Sé því ekki dæmalaust, að til slíks geti komið á stofnunum, sem reknar séu fyrir ákveðin daggjöld.

Um varnaraðildina farast umboðsmanni stefnanda svo orð:

Ummæli þau, sem mál þetta er risið af, birtust í grein með undirskriftinni „Stjórn Skálatúnsheimilisins“. Hér sé því höfundar getið, en í slíkum tilvikum beri hann ábyrgðina, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Stefndu sátu í stjórn Skálatúnsheimilisins, er greinin var birt. Beri þeir því óskipta ábyrgð á efni greinarinnar.

Stefndu reisa sýknukröfur sínar á því, að ummæli þau, sem stefnt er út af, séu öll sannleikanum samkvæm og réttmæt. Þau hafi verið borin fram af gefnu tilefni, þar sem Vísisgrein, undirrituð af Öldu Sveinsdóttur, og svar stefndu við henni hafi hvort tveggja verið borið undir stefnanda, áður en greinarnar birtust, og henni gert ljóst, að svargrein stefndu yrði birt, ef grein Öldu Sveinsdóttur yrði birt. Stefndandi hafi þannig af ráðnum hug sýnt ótilhlýðilegt hátterni, sem gefið hafi tilefni til þeirra ummæla, sem um hana hafi verið höfð og hún telji nú tilefni til málshöfðunar. Stefndu séu að gjalda líku líkt í svargrein sinni, enda sé grein Öldu Sveinsdóttur ámælisveð og vanvirðandi fyrir stefndu sem stjórnendur Skálatúnsheimilisins og til þess fallin að rýra álit þess út á við. Áður en stefnanda hafi verið sagt upp starfi, hafi henni oftast en einu sinni verið gefinn kostur á að segja sjálf upp starfi sínu, en það hafi hún ekki viljað, þótt henni væri það ljóst, að henni mundi sagt upp, ef hún gerði það ekki sjálf.

Síðan rekur umboðsmaður stefndu hin umstefndu ummæli hvert fyrir sig og gerir grein fyrir því í stórum dráttum, á hverju þau byggist: „Stjórnunarhæfileika sýndi hún því miður ekki“ o. s. frv. Þessi ummæli byggist m. a. á því, að 19 af starfsmönnum Skálatúnsheimilisins hafi sagt upp starfi sínu, nokkru eftir að stefndandi tók þar við starfi. Slíkt hafði ekki komið fyrir áður og hafi stjórninni komið þetta mjög á óvart. Við eftirgrennslan stjórnarinnar fyrir þessum uppsögnum hafi komið á daginn, að orsakir tilgreindar fyrir uppsögnum hafi verið svo

léttvægar, að enginn starfsmaður hafi hætt af þeim sökum. Hafi verið augljóst, að forstöðukonunni hefði verið auðvelt að miðla málum, ef hún hefði haft vilja og getu til, svo að aldrei hefði þurft til þessara uppsagna að koma. Þetta hafi hún ekki gert.

„ . . . stjórnleysi á heimilinu bæði varðandi mannahald og innkaup . . .“ o. s. frv. Með stjórnleysi hafi stefndu m. a. átt við það, að vinnustundafjöldi á heimilinu hafi aukist óskiljanlega mikið, eftir að stefnandi tók þar við starfi forstöðukonu, og langt umfram það, sem nýjar mannaráðningar hafi gefið tilefni til. Innkaup hafi stórauðist og hafi ekki verið að sjá, að stefnandi gerði sér nokkra grein fyrir, hvort innkaup væru hagkvæm eða nauðsynleg, eða gerði mun á misbrýnum þörfum. Ljóst sé, að forstöðukona á stofnun eins og Skálatúnsheimilinu verði að hafa slíkt mat.

„Fjárhagur heimilisins, sem um langt árabil áður hafði alltaf verið góður, var nú að komast í algjört öngþveiti.“ Þetta sé m. a. sagt vegna þess, að launakostnaður, sem áður hafði verið 60—70% af rekstrarkostnaði, hafi risið upp í 80%, 90% og jafnvel 100% af daggjöldum, sem séu undirstaðan í rekstri heimilisins. Megi ljóst vera, að engin tók séu á að halda rekstri eins og þessum gangandi, ef svo til öllu og jafnvel öllu ráðstöfunarfé sé eytt í starfsfólk, en ekkert skilið eftir til að sinna öðrum þörfum, sem séu jafnbrýnar.

„ . . . óafsakanleg óráðsía. . . , sem því miður var farin að eiga sér stað á Skálatúnsheimilinu“.

Með þessum ummælum eigi stefndu m. a. við, að stefnandi hafi tekið við ýmsum fjármunum, svo sem gjöfum til Skálatúnsheimilisins, hagnaði af merkjasölu, andvirði seldra föndurmuna, vasapeningum vistmanna, án þess að gera stjórninni fullnægjandi grein fyrir þessu fé, hvorki hve mikið það var, hvaðan það kom né hvernig því var ráðstafað. Spurningum stjórnarinnar varðandi þessi mál hafi stefnandi ekki svarað á fullnægjandi hátt né gert nægilega grein fyrir þessu fé.

Stefnandi hafi fengið aðfinnslur frá stefndu út af framangreindum atriðum og fleiru. Henni hafi borið að taka aðfinnslurnar til greina og bæta úr, því að stjórnin sé yfir stefnanda sett. Það hafi stefnandi ekki gert. Stefnandi hafi ekki verið ráðin til að hafa með höndum stjórn á fjármálum heimilisins, en henni hafi borið að haga störfum sínum á þann veg, að hag heimilisins og vistmanna þar væri sem best borgið við þær aðstæður, sem fyrir voru. Það hafi hún best getað gert með því

að vinna með stjórninni, en ekki í andstöðu við fyrirmæli hennar né með því að sinna fyrirmælum ekki. Upphæðum daggjalda hafi ekki verið haldið leyndum fyrir stefnanda, enda hefði hún hæglega getað fylgst með þeim sjálf hjá þeim aðiljum, sem ákveða þau. Staðhæfingu stefnanda um launung í því efni mót-mæla stefndu sérstaklega. Vandséð sé reyndar, hvort stefnandi hafi látið sig daggjöld nokkru varða. Hún hafi ekki viljað skilja fjármál, eins og hún hafi komist að orði í einu viðtalinu við stjórnina út af óráðsiunni. Stefnanda hafi líka orðið að orði, þegar að var fundið, að ríkið ætti bara að borga, eins og hún teldi það sjálfsagðan hlut, að stefndu gætu sótt peninga í ríkissjóð eftir duttlungum stefnanda. Þetta komi reyndar fram í greinargerð hennar, þar sem rætt sé um skort á skilningi. Það sé líkast því, að stefnandi hafi staðið í þeirri trú, að skilningur einn nægði til að borga það, en svo sé ekki. Skilningur sé fyrir hendi á rekstri Skálatúnsheimilisins, eins og rekstur þess í 18 ár fyrir starfstíma stefnanda sýni, og vonandi hafi sá skilningur ekki minnkað að ráði við aðgerðir stefnanda, enda þótt hún hafi gert sitt til að gera rekstur heimilisins tortryggilegan. Fram að starfstíma stefnanda hafi reksturinn verið hnökralaus. Að endingu er því haldið fram af hálfu stefndu, að hvað sem öðru líði, þá sé ekki unnt að taka kröfu stefnanda um miskabætur skv. 264. gr. almennra hegningarlaga til greina, þar sem svargrein þeirra sé ekki sprottin af illfýsi, þvert á móti sé tekið fram í greininni, að hún hafi verið barngóð og grunur um fjárdrátt hafi engum komið í hug.

Niðurstaða dómsins.

Í framangreindri grein Öldu Sveinsdóttur er veist harkalega að stjórn Skálatúnsheimilisins, stefndu í máli þessu. Grein þessi var birt með vilja og vitund stefnanda, Katrínar Guðmundsdóttur. Stefndu höfðu fyllstu ástæðu til þess að svara grein þessari og verja hendur sínar. Það gerðu þeir í framangreindri grein, sem hin umstefndu ummæli birtust í. Dómurinn telur, að grein þessi sé ekki rituð af illfýsi í garð stefnanda, enda er í henni tekið fram, að Katrín hafi sýnt vistmönnum kærleika og þótt vænt um börnin og verið þeim góð. Þá er þess enn fremur getið í greininni, að grunur um fjárdrátt hafi engum komið í hug. Þegar þetta er haft í huga svo og framburðir stefndu hér fyrir dóminum, vitnisburðir Tómasar Símonarsonar, bókara Skálatúnsheimilisins, og Torfa Tómassonar, endurskoðanda heimilisins,

tölulega yfirlitið um launakostnað á dskj. nr. 17 og að endingu framburður stefnanda hér fyrir dóminum, þar sem hún að sumu leyti viðurkennir, að af hálfu stefndu hafi verið fundið að við hana út af fjármálastjórn hennar, þá telur dómurinn, að hin umstefndu ummæli, sem sett eru fram af gefnu tilefni, hafi verið nægilega réttlætt, eins og mál þetta er vaxið.

Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Sigurðsson, Páll Kolbeins, Magnús Kristinsson, Vilhjálmur Árnason og Guðrún Sigurðardóttir, eiga að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Katrínar Guðmundsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. október 1979.

Nr. 58/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Guðbrandi Friðrik Steinþórssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Eigi leysir það ákærða undan sök, þótt vera kunni, að öku- maður bifreiðarinnar R 1878 hafi ekki sýnt fyllstu gát í akstri sínum.

Brot ákærða varðar refsingu samkvæmt 80. gr. laga nr.